

kyrkju til friðar þeir menn, er sér þótti óvænt til griða.“ Sveinn Jónsson var einn í þeirra tölu.

Snorri Sturluson býður nú biskupi til sín og „ferr biskup burt með hónum þann dag. En er biskup var í brott, gengu þeir Arnórr í kyrkju með vápnum ok eggja hina út er inni vóru, ok þeir þóttusk mestar sakir við eiga, ella kvóðusk þeir mundu sækja þá eðr svelta í kyrkjunni“. Þá tók Sveinn Jónsson til orða: „gera mun ek kost á út at ganga“. Peir spurðu hvern sí væri. „Ef þér limit mik á höndum ok fótum áðr en þér háls-höggit mik“- En þessu var hónum játat. Gekk hann þá út ok allir þeir; þvíat þeir vildu ekki at kyrkjan saurgaðisk af þeim eða þeirra blöði. Allir gengu slyppir út. Var Sveinn þá límaðr ok saung meðan *Ave Maria*. Síðan rétti hann hálsinn undir höggit; ok var all-mjök lofut hans hreysti“.

Sveini Jónssyni má ekki gleyma í kyrkjusögu Íslands. Hann sýnir hvað trúin, skömmu eftir 1200, gat verið ordin rót-gróin jafnvel í harðgerðustu brjóstum; og jafnframt sýnir hann hve sterk áhrif Guðmundur biskup, þessi trúnaður svo hélt „við vanstille“, hafði á þá sem með honum voru. Næst skapi annari eins hetju og Sveini hefði það sjálfsagt verið, að berjast fram í rauðan dauðann, og reyna að hafa mann fyrir sig, einn eða fleiri; og það er ekki lítið vald, seni þurft hefir til þess að breyta öðrum eins bardagamanni svo, að hann lætur af fúsum vilja brytja sig niður, án þess að reyna að koma nokkurri vörn fyrir sig. En víkinglundin gægist þó fram hjá þessum píslar-votti trúarinnar og Guðmundar biskups, eigi að eins í hreystinni; að vísu kýs hann sér sennilega þennan hroðalega dauð-daga guði til velþóknunar, til að bæta fyrir sig og ef til vill aðra og til að vera viss um að lenda ekki í helviti; en líklega gerir hann þetta hreystibragð jafnframt sér til frægðar, að fornum víkingasið; karlmenska Sveins er samblund af hreysti víkings-ins, sem „bregður sér hvorki við sár né bana“, og af þolgæði píslarvottarins sem styðst við trú hans og von; að sleppa hjá enn þá verri kvölum síðar meir en hreppa himnaríkis sælu.

Annað eins og þetta, hefir sjálfsagt alið á þeirri svívirði-